

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, ef ekki, þá ákveður vatnsveitan skattinn samkvæmt áætlaðri notkun. Verði ágreiningur um slíka áætlun milli vatnsveitu og gjaldanda skal hreppsnefnd skera úr. Aukavatnsskattur skal vera kr. 3.70 á hvern rúmmetra vatns og er gjalddagi hans í lok hvers ársfjórðungs.

12. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að breyta vatnsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50% til hækkunar eða lækkunar, bæði í heild og einstökum liðum, fyrir eitt ár í senn.

13. gr.

Heimilt er að krefja hvern þann aðila, sem leyfi fær til að leggja heimæð frá aðalveitu, um allt að kr. 2 000.00 í stofngjald. Eindagi stofngjalds er sá dagur, þegar tenging er framkvæmd.

14. gr.

Hreppsnefnd getur krafizt þess, að tillögu vatnsveitunefndar, að fyrirtæki og aðrir vatnsnotendur greiði vatnsskatt eftir mæli. Skal þá vatnsveitan leggja til mæli og sjá um uppsetningu og rekstur. Vatnsnotandi greiði uppsetningarkostnað, mæla-leigu svo og vatnsskattinn sjálfan samkvæmt gjaldskrá.

15. gr.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga 1. júní. Greiðist skatturinn ekki á rétt-um gjalddaga, falla á hann dráttarvextir.

Vatnsskattinn má einnig taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði eða aðfararveði.

Vatnsveitunefnd eða annar aðili í umboði hreppsnefndar hefur á hendi reikningshald og innheimtu fyrir veituna.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, og skulu reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins árlega.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Laxárdalshrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 frá 21. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Vatnsveitu Búðardals nr. 32 22. febrúar 1965 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 6. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1973.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest

eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1973:

	US cent á lb. Cif.
Þorskur:	
4×14 m/r interl.	52.30
4×14 r/l	60.00
10×5 og 3×18	69.00
5×10	71.70
4×15	73.50
12×1	73.50
Blokk	64.00
Blokk 24½	65.00
Ýsa:	
10×5 og 3×18	78.00
12×1	82.50
Blokk	68.00
Blokk 24½	69.00
Steinbítur:	
10×5	71.50
12×1	74.20
Blokk	60.00
Karfi:	
8×7 m/r	38.42
10×5 m/r	51.00
10×5 r/l	54.60
12×1	60.90
Lausfrystur m/r og b.	51.50
Blokk	58.00
Ufsi:	
8×7 r/l	28.35
4×6 kg	29.80
10×5	42.00
Blokk	38.00
Langa:	
8×7 r/l	32.21
10×5	67.00
Blokk	59.00
Grálúða:	
Heilfryst	35.40
Blokk, Rússland	40.64
Blokk, U.S.A.	48.00
Heilfrystur fiskur	15.65

Viðmiðunarverð er reiknað á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar 1. júní 1973 (§ 1 = kr. 91.00).

Verðbil verði 2.5%. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádragnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júní 1973.

**F. h. r.
Jón L. Arnalds.**

Gylfi Þórðarson.